

Hour of Code

Víkuna 7.-13. desember verður haldin Hour of Code vikan. Markmiðið með átakanu er að nemendur kynnist forritun í amk. eina klukkustund þá viku. Á heimasíðunni www.hourofcode.com er hægt að skrá skóla og þau verkefni sem vinna á. Síðuna og mörg forrit er hægt að stilla á íslensku sem einfaldar og eykur aðgengi yngri nemenda. Átakið hefur náð til yfir 140 milljón þátttakenda í yfir 180 löndum og núna eru 116.116 viðburðir skráðir.

Á síðunni er að finna nokkur forritunarverkefni ([smelltu á prófaðu](#)), mismunandi þemu eru hvert ár og núna er Minecraft og Starwars þema.

Rakel G. Magnúsdóttir og [...read more](#)

4 daga veflæg ráðstefna

Í dag mánudaginn 16. nóvember var veflæga ráðstefnan *Global Education Conference* sett í 6. sinn. Þetta er ein stærsta ráðstefna sinnar tegundar og stendur hún yfir í 4 daga, eða frá 16. – 19. nóv.

Við útsendingarnar verður notast við Blackboard námsumsjónarkerfið. Þeir sem standa að *Global Education Conference* starfssamfélaginu eru nemendur, kennarar og stofnanir á öllum skólastigum. Mikil áherlsa er lögð á útvíkkun tengslanets þátttakenda sem hafa verið að meðaltali 7.500. Einnig að kynna hugmyndir, dæmi og verkefni.

Fjöldinn allur af fyrirlestrum er í boði og ættu allir að finna eitthvað sér til hæfis. [Dagskránnu er að finna hér.](#)

[...read more](#)

Íslensk smáforrit tilnefnd til Bettverðlaunanna 2016



Kids Sound Lab, er eitt af sjö smáforritum í flokknum smáforrit í Menntun sem valið hefur verið til úrslita á alþjóðlegu BETT ráðstefnunni, sem haldin verður í janúar á næsta ári.

BETT ráðstefnan fjallar um upplýsingatækni í menntun og er sú stærsta sinnar tegundar í Bretlandi. Í fyrra sóttu hana um 35 þúsund gestir frá yfir 110 þjóðlöndum.

Kids Sound Lab er enskt smáforrit sem kennir framburð ensku málhljóðanna í sömu röð og enskumælandi börn tileinka sér hljóðin, auk þess sem helstu undirbúningsþættir fyrir læsi eru kenndir og þjálfaðir.

Smáforritið *Kids Sound Lab*, byggir á sömu aðferðafræði og íslenska smáforritið *Lærum* [...read more](#)